

5.3.2015

Nýr regluvörður og fjárfestatengill hjá Reginn hf.

Björg Jóhannesdóttir hefur verið ráðin lögfræðingur fasteignafélagsins Reginn hf. og mun jafnframt verða nýr regluvörður félagsins. Er þetta ráðstöfun af hálfu félagsins í kjölfar aukinna umsvifa hjá félaginu samhliða stækkun og aukinnar áherslu á að styrkja og auka sjálfstæði í regluvörslu með löglærðum aðila.

Björg mun jafnframt verða ritari stjórnar og fjárfestatengill félagsins.

Björg er með embættispróf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands og hlaut málf lutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2007. Þá lauk Björg LL.M gráðu frá háskólanum í Edinborg árið 2013. Björg starfaði áður hjá Slitastjórn Kaupþings hf. og á lögfræðisviði Kaupþings banka hf. frá árinu 2008. Þá starfaði Björg sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness á árunum 2006 til 2008.